



Bréf dagsett 2. september 1945. Ómerkt

Bjarni Benediktsson – Bréf dagsett 2. september 1945. Ómerkt

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnámálamaðurinn
Askja 2-8, Örk 7

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 2. sept. 1945.

Heiðraði vinur!

Ég þakka þér fyrst og fremst fyrir hið ánægju-
lega boð þitt á dögnum, þar sem ég og sumir aðrir
urðu að vísu þaulsætnari en orðið hefði, ef af minni
rausn hefði verið veitt. Þá þakka ég þér bréf þitt
dags. 21. ágúst, sem eigi má lengur láta ósvarað, enda
þótt æskilegra hefði verið að geta haft samráð við
aðra um svo viðkvæmt en þýðingarmikið atriði sem þar
um ræðir.

Astæðan til þess, að ég vék að máli þessu við
þig á dögnum, var sú, að ég þóttist og þykist sjá fram
á vandræði um forsetavalið, ef ekki verður að gert. Í
augum stjórnarsinna er stjórnarmyndunin og stjórnarsam-
vinnan svo mikilvæg tilraun og óhjákvæmileg, eftir öllum
atvikum, að einskis má láta ófreistað til að hún blessist.
Er og ekki, að okkar álitni vafi á, að flokkurinn mundi
verða fyrir stórfeldu áfalli, ef hún fer út um þúfur
nú þegar eða í náinni framtíð. Á hinu er heldur ekki
vafi, að meginþorri flokksmanna, a.m.k. í Reykjavík,
öðrum kaupstöðum og a.m.k. sumum sveitahéruðum er stjórn-
inni eindregið fylgjandi. Andstaða Framsóknar gegn
stjórninni hefði, að mínu viti, verið vonlaus, ef hún
hefði ekki fengið stuðning annarsstaðar frá. Hættulegasta
vopn Framsóknar til þessa hefir verið afstaða ykkar
fimm-menninganna. Er því heldur ekki að leynd, að okkur
stjórnarsinum virtust bréf ykkar eða greinargerðir á
s.l. hausti vera sýnu harðari og illvígari í stjórnar-

innar garð en efni stóðu til. Aðalatriðið er þó, að þið með nöfnum ykkar lánið óbilgjörnu valdabrölti Framsóknarforkólfanna þann hjúp virðuleika og tiltrúar, sem það ella hefði verið án og sannarlega ekki á skilið.

Nú er mér að vísu ljóst, að stjórnarmyndunin var áhættusöm og að sumu leyti öðru vísi en ég hefði kosið. Þrátt fyrir það er ég samt miklu sannfærðari nú en þá, að úr því, sem komið var, þá var þetta eina úrræðið. Úrræði Framsóknar ; Hatramt stéttastrið og kauplækkun eru hvorttveggja jafn fjarri sanni enn eins og þau voru í október í fyrra. Vera kann, að spádómur Hermanns Jónassonar um hrun sannist áður en lýkur, en þó svo verði mundi það ekki réttlæta þau ósköp, sem yfir okkur hefði dunið, ef að hans ráðum hefði verið farið í fyrra. Enn sem komið er eigum við þessvegna ekki um neitt að velja annað en alræði Framsóknar (hvort það birtist í stjórn Hermanns Jónassonar sjálfs eða í gerfistjórn dr. B. Þ. skiftir litlu máli) eða núverandi stjórn. En einmitt vegna áhættuseminnar við núverandi stjórn, samfara því, að um engan annan boðlegan kost var að ræða, þá er okkur stuðningsmönnum hennar erfitt um annað en fylgja henni til hins ítrasta og af fullrillalvöru á meðan hún helst.

Samkvæmt þeirri venju, sem hér hefir verið, gagnstætt t.d. Englandi, þá hefir forseti sameinaðs Alþingis ætíð verið úr hópi hins politíska meiri hluta á þingi, ef slíkur hefir verið fyrir hendi. Ef frá því ætti að bregða nú, þyrfti til þess að hníga alveg óvenju rík rök. Einkum þar sem fyrirsjáanleg eru mikil átök innan þings og utan. Mundi það áreiðanlega þykja hæginn undirbúningur þeirra að kjósa yfirlýstan stjórnarandstæðing í þessa, eina mestu valda- og virðingarstöðu þings og þjóðar.

Að vísu er það rétt, að við Stjálfstæðismenn virðum skoðanir hvers annars og brigðist flokkurinn illa hlutverki sínu, ef horfið væri frá þeim hætti. En hinu

má ekki gleyma, að eðli málsins samkvæmt hlýtur flokkurinn að kjósa í hinar politísku trúnaðarstöður, ekki síst þá mikilsverðustu, þá menn, sem sammála eru hinni politísku meginstefnu, sem þá er ofan á í flokknum.

Svo sem þú víkur að áttu sér og í fyrra stað árekstrar, sem einmitt komu af þeim meginmun á sjónarmiðum forseta og meiri hluta flokksins, er því miður var fyrir hendi. Með harðnandi bafáttu í vetur er enn meiri hættu á slíku. Hvað sem flokksfunda-sókn á þingi leið, verður þá heldur eigi um það deilt, að mjög miður fór, að allir fimm - menningarnir skyldu ekki sækja landsfund flokksins í sumar. Hefir þetta, ásamt öðru, orðið til þess að fá Framsókn vopn í hendur en eyða trúnaði innan okkar eigin flokks.

Af þessum hugleiðingum mátt þú nokkuð marka viðhorf mitt. Eg hafði vonað og vona raunar enn, að með samráði góðra manna mætti afstýra hinum fyrirsjáanlegu vandræðum. Mér hefir virst sem óbilgjörn og ósvífin stjórnarandstaða Framsóknar ásamt skorti á öðrum úrræðum hlyti að verða til þess að þjappa flokksmönnum saman um stjórnina, hvað sem leið trú þeirra á hallkvæmi hennar í upphafi. Getur og enginn neitað því, að enn a.m.k. er miklu betra ástand í landinu en verið hefði, ef stjórnarmyndunin hefði farið út um þúfur. Þá hefir og nýsköpunar áformunum miðað mun meira áfram en í upphafi mátti vænta. Tel ég, að þessi atriði ofl. hefði átt að verða til þess, að þingflokkurinn allur hefði tekið upp þann stuðning við stjórnina, sem meginhluti kjósendanna ætlast til. Ef unt væri að byggja þar brú á milli, vildi ég mikið til vinna.

Alt eru þetta mínar eigin hugsanir og kann að vera, að aðrir líti þetta öðrum augum. En þú veist þá a.m.k. um skoðanir mínar. Mér væri mikil ánægja að því að eiga um þetta frekari viðræður við þig, hvenær sem þér þykir henta.

Með bestu kveðjum til konu þinnar,